



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 24. janúar 2008

Tilvísun: UST20080100020/sf

**Hallsvegur - Úlfarsfellsvegur ásamt gatnamótum við Vesturlandsveg í Reykjavík.  
Tillaga að matsáætlun.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Hallsvegar – Úlfarsfellsvegur ásamt gatnamótum við Vesturlandsveg í Reykjavík.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda tillögu að matsáætlun

**Tilgangur framkvæmda**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í frummatsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir tilgangi og forsendum framkvæmdanna, með hliðsjón af núverandi gatnakerfi og öðrum fyrirhuguðum vegaframkvæmdum, s.s. Lambhagavegi og Blikastaðavegi, sbr. kort í tillögu að matsáætlun.

**Tímaáætlun**

Umhverfisstofnun vekur athygli á að tímaáætlun um verkþætti í tillögu að matsáætlun er úrelt (sjá kafla 1.3) en samkvæmt henni var áætlað að tillaga að matsáætlun yrði auglýst í nóvember. Þá verður ekki betur séð en að tímarammi fyrir gerð frummatsskýrslu sé nokkuð þröngur.

**Vegagerð**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrirhugaður Hallsvegur og Úlfarsfellsvegur verði alls 4 akreinar og um 23 m að breidd fyrir utan fláa og vegstæði enn breiðara þar sem fyllingar eru háar. Umhverfisstofnun telur að gera verði grein fyrir hvernig fjögurra akreina vegur samræmist núverandi Hallsvegi vestan Víkurvegar en sá vegur er nú tveggja akreina.

Í frekara mati á umhverfisáhrifum vegna Hallsvegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi var gerð grein fyrir umhverfisáhrifum tveggja akreina vegar en einnig kynnt hugsanleg áhrif fjögurra akreina vegar á hljóðstig. Í því mati kom fram að umferð aukist ekki fyrr en með tengingu við Sundabraut í vestri og Vesturlandsveg í austir. Í skýrslunni segir m.a.:

„Þó er ljóst að verði síðar ráðist í gerð Hallsvegar á milli Víkurvegar og Vesturlandsvegar eða gerð tveggja nyrðri akreina Hallsvegar milli Strandvegar og Víkurvegar, þannig að

*hann verði alls með fjórar akreinar, þá verða þær framkvæmdir matskyldar gagnvart árhifum á umhverfið og það mat verður óháð úrskurði um mat á umhverfisáhrifum tveggja akreina Hallsvegjar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi.”*

Umhverfisstofnun telur að þar sem fyrirhugaðar vegaframkvæmdir munu hafa áhrif á umferð um núverandi Hallsveg vestan Víkurvegjar eigi að stækka áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda hvað varðar hljóðvist og loftgæði miðað við það sem kynnt er í tillögu að matsáætlun. Stofnunin telur nauðsynlegt að líta á umhverfisáhrif vegaframkvæmdanna í heild sinni.

### **Vatn og vatnalíf**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að á rekstrartíma mannvirkisins verði notaðar settjarnir sem taki við ofanvatni af mannvirkjunum sem hér um ræðir.

Nauðsynlegt er að í frummatsskýrslu komi fram upplýsingar um staðsetningu og stærð settjarna, auk þess sem gerð verði grein fyrir virkni þeirra og reynslunni af þeim settjörnum sem gerðar hafa verið í tengslum við aðrar vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi einnig að fjalla um hugsanleg áhrif, verklag og mengunarvarnir á framkvæmdatíma vegna viðkvæmra viðtaka. Hafa verður í huga að lausnir við meðhöndlun ofanvatns þurfa að tryggja að ekki sé hætt á að lífríki svæðisins skaðist, þ.m.t. fuglalíf og laxfiskar. Fjalla þarf um hugsanlega mengunarhættu af völdum slysa/óhappa.

### **Verndarsvæði**

Úlfarsá ásamt 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna er á náttúruminjaskrá, sbr. eftirfarandi lýsingu í skránni:

*Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.*

Úlfarsá sunnan vesturlandsvegjar nýtur jafnframt hverfisverndar samkvæmt staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, þ.e. Úlfarsá sunnan Vesturlandsvegjar, lífríki árinna, umhverfi, votlendi og fuglalíf.

Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1999 um náttúrufar með Sundum í Reykjavík og unnin var fyrir Reykjavíkurborg er lagt til að Úlfarsársvæðið verði friðlýst og hljóti stöðu fólkvangs. Í skýrslunni segir m.a.: „Lögð er áhersla á að svæðið fái að halda sínum náttúrulegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því. Líta verður á Hafravatn, Úlfarsá og 150-250 m belti beggja vegna ár allt að ósi sem samfellda náttúrufarslega heild. ....Huga þarf að tengslum milli árinna, árbakkans, gróðurlenda og landslagsins næst ánni.”

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu verði að fjalla um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á verndargildi þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá og þess svæðis sem nýtur hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur.

Með framkvæmdinni minnkar opið svæði við ána og það svæði sem nýst gæti til útivistar. Umhverfisstofnun telur því að gera verði grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á aðra landnotkun, þ.m.t. útivist.

## Gróður

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að sé tekið mið af þeirri miklu uppbyggingu sem fyrirhuguð er nærri framkvæmdasvæðinu og vettvangsferð um svæðis megi ráða að gróðurfar á svæðinu sé með þeim hætti að ekki þurfi að gera sérstaklega grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á gróðurfar. Ekki er því lagt til að gróðurfar verði rannsakað frekar.

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1996, Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur, kemur fram að í brekkurótum Úlfarsfells eru sums staðar fallegar grónar brekkur. Í hlíðum Úlfarsfells að vestanverðu eru melhjallar, en á milli eru vel grónir slakkar, lautir, brekkur og lænur. Í efsta hluta fjallsins voru skráðar 53 tegundir háplantna.

Umhverfisstofnun vekur jafnframt athygli á að í bréfi Náttúrufræðistofnunar Íslands til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., dags. 25. janúar 2000, vegna mats á umhverfisáhrifum Hallsvegar segir m.a. (sjá fylgiskjal með frekara mati):

*„Stofnunin bendir á að vegstæðið frá gatnamótum Víkurvegjar til austurs yfir Úlfarsá og yfir í undirlendið við Úlfarsfell mun fara yfir viðkvæmt svæði og getur framkvæmdin haft neikvæð áhrif á náttúrufarið. Í þessu sambandi má nefna staðsetningu brúarinnar yfir Úlfarsá og veg að ánni beggja vegna hennar. Til að geta sagt eitthvað með vissu um áhrif veglagningarinnar á náttúrufar þarf að skoða gróðurfar að sumarlagi með veglínunni, meta verndargildi jarðfræðiminna (einkum í og við árfarveginn) og safna upplýsingum um fuglalíf á því svæði sem veglínan fer um.“*

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir gróðurfari á bökkum Úlfarsár og á þeim svæðum sem hefur ekki verið raskað og eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Stofnunin telur að þrátt fyrir að fyrirhuguð sé töluverð uppbygging í nágrenni við fyrirhugað vegstæði eigi það ekki að koma í veg fyrir umfjöllun um gróðurfar í frummatsskýrslu.

## Hljóðvist

Í tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram að í kjölfar hávaðarannsóknna verði gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum og endurbótum á þeim sem hannaðar hafa verið þurfi þess með.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjalla ítarlega um hljóðvarnir ef þær eru nauðsynlegar sem mótvægisáðgerðir og að sjónræn áhrif þeirra verði kynnt myndrænt, þ.e. sýndar verði frumtillögur að útliti hljóðvarna. Ljóst er að ef íbúar telja sjónræn áhrif hljóðmana óásættanleg, og þeim verður breytt, geta áhrif þeirra á dreifingu hávaða orðið önnur en kynnt var í frummatsskýrslu. Því telur stofnunin æskilegt að umfjöllun um hljóðstig og sjónræn áhrif sé samþætt hvað þetta varðar, hönnun hljóðvarna sé kynnt myndrænt bæði í frummatsskýrslu og við samráð og kynningu.

Í kjölfar framkvæmdarinnar má búast við aukinni umferð um núverandi Hallsveg vestan Víkurvegjar. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir áhrifum aukinnar umferðar á hljóðvist þar, þ.e. við kirkjugarð, opin svæði og íbúðarhverfi í nágrenni við Hallsveg.

## Loftgæði

Varðandi vinnu við greiningu á loftmengun vegna aukinnar umferðar vill Umhverfisstofnun benda á nauðsyn þess að skoða ekki eingöngu aukningu á loftmengun við þá vegi sem til stendur að byggja núna heldur einnig aðliggjandi götur þar sem umferð mun aukast vegna þessarar framkvæmdar. Er þá sérstaklega bent á áhrif af aukinni umferð gegnum Grafarvogshverfi.

Að hluta til var þetta metið í skýrslu um frekara mat á umhverfisáhrifum vegna Hallsvegjar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi sem kom út í maí 2001. Í þeirri skýrslu er vitnað í svifryksmælingar við Grensásveg árin 1996-1999 og sagt að þær væru ekki yfir viðmiðunarmörkum og í framhaldi bent á að mengun við Hallsveg ætti að vera minni en við Grensás vegna minni umferðar. Hugsanlega var þar átt við þau viðmiðunarmörk sem voru í gildi þegar þær skýrslur voru gefnar út en ekki er hægt að sjá nákvæmlega hvaða viðmiðunarmörk er átt við. Umhverfisstofnun vill minna á að heilsuverndarmörk svifryks hafa verið lækkuð og því æskilegt að skoða þetta aftur í ljósi lækkaðra marka.

Einnig vill Umhverfisstofnun benda á að í skýrslunni frá 2001 voru ekki gerðir loftdreifingarreikningar fyrir svifryk heldur eingöngu fyrir NO<sub>2</sub> og CO. Aðeins voru gerðir lauslegir útreikningar fyrir þann hluta svifryks sem er í útblæstri bifreiða. Sá hluti svifryksins er aðeins lítt hluti af heildarsvifryksmengun. Þeir útreikningar gáfu því ekki rétta mynd af mögulegri svifryksmengun þar sem svifryk sem þyrlast upp af götu getur verið stærðargráðu meira heldur en það sem losnar með útblæstri.

Það er eindregin ósk Umhverfisstofnunar að allra leiða verði leitað til fá meiri upplýsingar um dreifingu svifryks við umferðarmannvirki. Stofnunin telur þetta sérlega mikilvægt í ljósi þess að svifryksmengun fer mun oftar yfir heilsuverndarmörk heldur en NO<sub>2</sub> mengun.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að væntanlega er ekki nauðsynlegt að gera útreikninga fyrir CO. Eftir tilkomu hvarfakúta á bíla er CO mengun almennt ekki vandamál. Jafnvel á umferðarmestu gatnamótum borgarinnar, Kringlumýrarbraut-Miklabraut, er CO mengun vel undir mörkum. Það er einna helst í veggöngum og bílastæðahúsum sem huga þarf að CO mengun.

### **Landslag / sjónræn áhrif**

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að ekki sé lagt til að lagt verði mat á breytingar á landslagi. Þar segir einnig: „*Mikið rask hefur orðið á landslagi og kringum framkvæmdasvæðið vestan Vesturlandsvegjar en austan vegarins er land að mestu óraskað í hliðum Úlfarsfells. Fyrirhuguð er umtalsverð uppbygging húsnæðis í hliðum Úlfarsfells sem mun yfirskyggja veginn.*”

Umhverfisstofnun vekur athygli á að þrátt fyrir að landi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi að einhverju leyti verið raskað og að í nágrenni þess sé gert ráð fyrir uppbyggingu mun nýr vegur valda ásýndarbreytingum á landi og hafa t.d. áhrif á umhverfi Úlfarsár og hliðar Úlfarsfells. Þá munu mismislag gatnamót við Vesturlandsveg án efa hafa töluverð sjónræn áhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir annarra aðila í nágrenni fyrirhugaða vegafamkvæmda dragi ekki úr áhrifum vegagerðarinnar sem slíkrar og nauðsyn þess að meta áhrif framkvæmdanna landslag. Það er því mat Umhverfisstofnunar að í frummatsskýrslu eigi að gera grein áhrifum framkvæmdanna á landslag og sjónrænum áhrifum þeirra.

### **Sammögnunaráhrif**

Með fyrirhugaðri vegagerð fjölga vegtengingum yfir Úlfarsá. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir sammögnunaráhrifum framkvæmdarinnar með öðrum framkvæmdum við Úlfarsá sem þegar hafa verið leyfðar á vistkerfi og umhverfi árinna.


### Mótvægisáðgerðir

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um mögulegar mótvægisáðgerðir vegna neikvæðra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.

### Vöktun

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að leggja fram mat á það hvort þörf er á vöktun vegna umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar og í hverju sú vöktun skuli fólgin. Ef þörf er vöktunar þarf að koma fram til hvaða áðgerða megi grípa ef í ljós kemur að áhrif framkvæmdanna verði meiri og/eða önnur en gert er ráð fyrir.

Virðingarfyllt

  
Sigrós Friðriksdóttir



Guðríður Þorvarðardóttir  
deildarstjóri